



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
b.t. bæjarráð Akraness
Stilholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 8. febrúar 2017

1604219 VJ

Efni: Heimild til ráðningar stuðningsfulltrúa í sérdeild Brekkubæjarskóla

Þjónusturáð skóla- og frístundasviðs tók í janúar fyrir umsókn um þjónustu fyrir nemendur í öðrum bekk Brekkubæjarskóla og var samþykkt að vísa beiðni um viðbótarfjármagn til ráðningar stuðningsfulltrúa til bæjarráðs.

Annars vegar er um að ræða nemanda sem byrjaði í Brekkubæjarskóla í haust og þarfnast mikillar aðstoðar við athafnir daglegs lífs og þarf sértækar aðstæður við nám og leik og hins vegar er nemandi sem er með metnar sérþarfir en fram að þessu hefur ekki þurft sértækan stuðning, en vegna breyttrar stöðu viðkomandi er talið nauðsynlegt að veittur sé sérstakur stuðning bæði við nám og leik.

Þessi árgangur hefur fram að þessu ekki haft sértækan stuðning og því ekki hægt að samnýta stuðningin með öðru nemendum, því er óskað eftir heimild til ráðningar á stuðningsfulltrúa í 75% stöðu frá 1. febrúar 2017 til 10. júní 2017. Kostnaður vegna þess er um kr. 1.400.000 með launatengdum gjöldum

Virðingarfyllt,

Valgerður Janusdóttir
sviðsstjóri